



Apríl 2014

Fréttir úr skóla- og frístundastarfi



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

NAGLALAKK, SAMSTARF OG TRAUST

Ávarp Oddnýjar Sturludóttur, formanns skóla- og frístundaráðs.

[Sjá meira](#)

NÝIR BÆKLINGAR FYRIR FORELDRA

Út eru komnir bæklingar fyrir foreldra um leiðir til að styðja við málþroska og lestur barna frá 0-12 ára aldurs. [Sjá meira](#)

SKÓLI Í SKÓLA

Þátttökubekkur er sérhæft námsúrræði undir stjórn Klettaskóla en með

aðsetur í almennum grunnskóla. [Sjá meira](#)

YTRA MAT Í SKÓLA— OG FRÍSTUNDASTARFI

Ein af forsendum þess að auka megi gæði menntunar er reglulegt og virkt mat á skóla- og frístundastarfi. [Sjá meira](#)

JAFNRÉTTISSKÓLI REYKJAVÍKUR

Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar sem leggja þarf grunn að strax í barnæsku. Jafnréttisskólinn hefur tekið til starfa. [Sjá meira](#)

BÖRNIN META LEIKSKÓLASTARFIÐ

Í leikskólanum Garðabörn eru börnin virk í að skipuleggja starfið og meta það. [Sjá meira.](#)

STAÐALMYNDIR OG FRELSI

Úreltar staðalmyndir hafa áhrif á líðan og sjálfsmynd barna og unglunga og vinna þarf gegn áhrifum þeirra? [Sjá meira.](#)

SKÍNA SMÁSTJÖRNUR

Þróunarverkefni um gæðastarf með yngstu leikskólabörnunum hefur þegar skilað árangri. [Sjá meira](#)

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ Í UPPSIGLINGU

Börn og ungmenni taka öll völd í menningarstofnunum borgarinnar 29. apríl til 4. maí. Á sama tíma verður haldin sýning í ráðhúsinu á skóla- og frístundastarfi nu í borginni. [Sjá meira](#)

NÝ FORVARNARSTEFNA

Í stefnunni er lögð áhersla á samfélag án ofbeldis, virkni og þátttöku, æsku án vímuefna, sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum.

[Sjá meira](#)

ENDURBÆTUR Á SKÓLUM OG LÓÐUM

Miklar framkvæmdir verða á skólum og skólalóðum næsta sumar.

[Sjá meira](#)



Kæru foreldrar

Í þessu fréttabréfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar má lesa um mörg af þeim fjölbreyttu viðfangsefnum sem unnið er að á sviðinu. Málaflokkurinn er umfangsmikill og tekur á þáttum sem allir miða að því að börnum og ungmennum í borginni líði vel, þeim fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Á vef Reykjavíkurborgar má kynna sér [starfsáætlun sviðsins fyrir árið 2014](#). Í henni koma fram helstu áherslur og markmið í fagstarfinu, árangur af starfi liðinna ára og fróðleg tölfræði. Ég hvet foreldra til að kynna sér þau fjölmörgu verkefni sem börn, ungmenni og starfsfólk sviðsins vinna að.



Ragnar Þorsteinsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Við sem störfum að skóla- og frístundamálum erum stolt af því mikla og góða starfi sem boðið er upp á í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum í borginni. Við ætlum að kynna það starf með sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 30. apríl – 3. maí og bjóðum alla borgarbúa, unga sem aldna, velkomna. Sýningin mun gefa mynd af því hvernig leikur og nám fara saman í daglegu starfi barna og ungmenna og hvernig sífellt er leitað nýrra leiða í skólaþróun. Fjallað verður um stefnur og strauma í skóla- og frístundastarfi, fjölbreytt og metnaðarfull þróunarverkefni verða kynnt í máli og myndum og börn munu standa fyrir skemmtiatriðum sem endurspeglar fjölbreytta og skapandi menntun. Þá verða málstofur með erindum og umræðum barna og fullorðinna út frá sex grunnpáttum menntunar í aðalnámskrá leik- og grunnskóla.

Ég hvet ykkur öll til að kynna ykkur vel allt það sem börnum og ungmennum er boðið upp á í skóla- og frístundastarfinu og taka þátt í gefandi umræðu um menntun og uppeldi barnanna okkar.

NAGLALAKK, SAMSTARF OG TRAUST

Á dögunum urðu þau tíðindi að hópur stráka í norðanverðum Grafarvogi lakkaði á sér neglurnar. Fordæmið settu karlkyns starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar og framtakið kallaði fram mikilvægt samtal unglinga og starfsfólks um viðbrögð samfélagsins – og hvort leyfilegt væri að víkja frá kröfum þess. Margbreytileiki, mennska, viðhorf, virðing, að vera læs í víðum skilningi – og fá að vera maður sjálfur eru viðfangsefni þeirra sem vinna með börnum og unglingum í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi alla daga. Það er erfitt að mæla það á mælistikum en það er óendanlega dýrmætur hluti starfsins.



Oddný Sturludóttir,
formaður skóla- og frístundaráðs

Gæði skólastarfs hafa verið í umræðunni síðustu mánuði og er það vel. Sú umræða ætti sífellt að vera lifandi og við eigum öll að taka þátt í henni. Það má margt læra af öðrum þjóðum sem náð hafa eftirtektarverðum árangri í uppbyggingu gæðamenntunar. Þættir eins og samstarf innan skóla og á milli skóla reynist vera sterkur áhrifapáttur við mat á gæðum. Aukin samkeppni og samanburður byggður á mælingum er ekki einkennandi fyrir bestu menntakerfi heims. Bestum árangri ná þjóðir sem leggja áherslu á jöfnuð og góða kennsluhætti fyrir öll börn.

Í reykvískum skólum og frístundastarfi er lögð rík áhersla á samstarf um nám og velferð barna. Þróun og fjölbreytni, vellíðan og framfarir, félagsþroski og samvinna eru hjartans mál starfsfólks okkar. En því verki er aldrei lokið, það er langhlaup og alltaf getum við gert betur. Það er þó engum vafa undirorpið að þessar mikilvægu stofnanir; leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar eru í stöðugri þróun, þær hafa staðið með börnum og ungmennum síðustu misserin og ekki brugðist því trausti sem samfélagið ber til þeirra.

Ég vil þakka starfsfólki skóla- og frístundasviðs fyrir alúð sína, skapandi hugsun og metnað fyrir hönd barna og ungmenna í Reykjavík.

Í skóla- og frístundaráði sitja Oddný Sturludóttir, Eva Einarsdóttir, Hilmar Sigurðsson, Líf Magneudóttir, Kjartan Magnússon, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Ragnar Hansson.

BÆKLINGAR UM MÁLÞROSKA OG LESSKILNING

Sameiginleg ábyrgð er yfirskrift fjögurra bæklinga um málþroska og lesskilning barna sem gefnir hafa verið út. Í þeim eru einfaldar leiðbeiningar fyrir foreldra um hvernig megi örva mál- og lesskilning barna frá fæðingu og til 12 ára aldurs. Bæklingarnir eru í rafrænu formi á [Foreldravefnum](#).

- ♦ [Málþroski - sameiginleg ábyrgð - upplýsingar fyrir foreldra barna á aldrinum 0-3 ára](#)
- ♦ [Málþroski - sameiginleg ábyrgð - upplýsingar fyrir foreldra barna á aldrinum 3-6 ára](#)
- ♦ [Mál- og lesskilningur - sameiginleg ábyrgð - upplýsingar fyrir foreldra yngstu grunnskólabarnanna](#)
- ♦ [Mál- og lesskilningur - sameiginleg ábyrgð - upplýsingar til foreldra barna á miðstigi](#)

SKÓLI Í SKÓLA

Þátttökubekkur er sérhæft námsúrræði undir stjórn Klettaskóla en með aðsetur í almennum grunnskóla.

Fyrsti þátttökubekkurinn tók til starfa í Árbæjarskóla á liðnu hausti með sex nemendum á miðstigi. Þeir njóta faglegrar þjónustu og sérþekkingar sem er í Klettaskóla en taka jafnframt þátt í starfi og samfélagi Árbæjarskóla eftir því sem tilefni gefst til. Um inntöku í þátttökubekk gilda sömu reglur og í Klettaskóla

Meginmarkmiðið með þátttökubekk er að nemendur verði eins sjálfstæðir og ábyrgir fyrir sínu námi og hegðun eins og mögulegt er. Unnið er að því að virkja sem best styrkleika þeirra og efla með þeim jákvæða sjálfsmynd. Þátttökubekkurinn í Árbæjarskóla starfar samkvæmt hugmyndafræði TEACCH sem Dr. Eric Schopler setti fram eftir áralangar rannsóknir á bestu kennsluleiðum fyrir nemendur með einhverfu.



Hugmyndafræðin byggir á því að leggja grunn að sjálfstæði einstaklingsins og byrjar nemandinn að æfa sig strax á fyrstu dögum skólagöngunnar.

Nám í þátttökubekk er einstaklingsmiðað og sveigjanlegt og getur tenging við almennt skólastarf verið margs konar og fléttast inn í marga þætti skólastarfsins, bæði námslega og félagslega. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir sérhvern nemanda þar sem m.a. er tilgreind tenging hvers og eins í almennt skólastarf námslega og félagslega, ásamt markmiðum og leiðum. Nemendur í almenna skólanum geta líka tengst námi og starfi nemenda í þátttökubekk á margvíslegan hátt.

www.klettaskoli.is

Á árinu 2014 er áætlað að alls verði 7.248 leikskólabörn í Reykjavík, þar af 6.136 í 64 borgarreknum leikskólum.

Á þessu skólaári eru 13.635 nemendur í borgarreknum grunnskólum og 661 í sjálfstætt starfandi skólum.

3.814 börn eru skráð á frístundaheimili á þessu skólaári.

441 grunnskólanemandi stundar nám í skóla-hljómsveitunum.

Margvísleg tölfraði er starfsáætlun SFS fyrir árið 2014.

YTRA MAT Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI

Ein af forsendum þess að auka megi gæði menntunar er reglulegt og virkt mat á skóla- og frístundastarfi. Í mati felst að aflað er upplýsinga með ýmsu móti, s.s. með mælingum, könnunum, athugunum og viðtölum og dregin af þeim ályktun um gæði skólustarfsins. Gögnin má nýta til að gera gott fagstarf enn betra.



Í samfélagslegu tilliti gefur ytra mat fræðslufirvöldum og almenningi upplýsingar um hvort verið sé að fara að lögum og hvernig gangi að innleiða menntastefnu. Yfirvöld þurfa að fylgjast með hvort skólar og aðrar stofnanir sem koma að umönnun barna veiti þeim góð uppeldis- og menntunarskilyrði. Ennfremur að skapa börnunum jöfn gæði og gæta þess að ekki sé um verulegan mun að ræða á milli stofnana. Með því að afla sambærilegra upplýsinga fæst því heildarsýn um stöðu þessara stofnana.

En matið er líka í þágu þeirrar stofnunar sem metin er hverju sinni, í þágu starfsfólks, barna og foreldra. Dregið er fram það sem vel er gert og bent á það sem betur má fara. Matið styður því við þróunar- og umbótastarf og þannig aukast gæði starfseminnar.

Hjá SFS eru ýmsir þættir metnir með það að markmiði að auka gæði og árangur þeirra stofnana sem undir sviðið heyra:

- ◆ Viðhorf og líðan starfsfólks í leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eru könnuð annað hvert ár. Einnig eru viðhorf og starfshættir dagforeldra kannaðir reglulega.
- ◆ Viðhorf foreldra, sem eiga börn í leik- og grunnskólum, á frístundaheimilum, hjá dagforeldrum og í skólahljómsveitum, eru könnuð annað hvert ár og viðhorf foreldra barna í tónlistarskólum eru könnuð þriðja hvert ár.
- ◆ Viðhorf, líðan og virkni barna og ungmenna frá 5.-10. bekk eru könnuð reglulega í gegnum *Skólapúlshinn* og hjá Rannsóknunum og greiningu.
- ◆ Heildarmat á grunnskólum hefur verið gert frá 2007 og hafa 6-7 skólar verið metnir á ári. Metin eru gæði kennslustunda með vettvangsheimsóknum í kennslustundir og tekin eru einstaklings- og hópviðtöl við stjórnendur, starfsfólk, nemendur og foreldra. Meginþættir í matinu eru skólustarf, verklag, mannauður og fjármál. Í lok árs 2013 höfðu allir grunnskólar í Reykjavík verið metnir einu sinni með þessum hætti og nokkrir tvisvar. Næsti matsþringur hefst haustið 2014.
- ◆ Vorið 2013 fór af stað ytra mat í leikskólum í Reykjavík og er stefnt að því að meta um tíu leikskóla á ári. Þættir eins og stjórnun, uppeldi, kennsla, mannauður, skólabragur og innra mat eru metnir með vettvangsheimsóknum og viðtölum við stjórnendur, starfsfólk, börn og foreldra. Til grundvallar matinu liggja fyrirfram skilgreind viðmið um gæði í leikskólustarfi.
- ◆ Dagforeldrar í Reykjavík fá þrjár óboðaðar eftirlitsheimsóknir árlega og fá að auki faglega ráðgjöf og stuðning í þjónustumiðstöðvum hverfanna.
- ◆ Árlega er farið yfir starfsáætlanir allra leik- og grunnskóla í Reykjavík og gefin endurgjöf.

Unnið er að því að þróa gæðaviðmið um starf frístundaheimila og félagsmiðstöðva fyrir ytra og innra mati á starfsemi þeirra og er áætlað að það fari af stað í vor.

Enginn er betur til þess fallinn að meta gæði en sá sem tekur þátt í starfseminni og nýtur þjónustunnar á hverjum degi. Því taka börn og ungmenni virkan þátt í öllu mati á skóla- og frístundastarfi, allt frá leikskólum til félagsmiðstöðva.



JAFNRÉTTISSKÓLI REYKJAVÍKUR

Jafnrétti er ein af grunnstoðum lýðræðis á Íslandi. Til að stuðla að réttlátu, upplýstu og lýðræðislegu þjóðfélagi er nauðsynlegt að grunnurinn sé lagður strax í barnæsku.

Jafnrétti var árið 2011 gert að einum af grunnþáttum menntunar á Íslandi. Í öllu skóla- og frístundastarfi á að huga að jafnréttismenntun barna og ungmenna, vinna gegn staðalmyndum og skaðlegum áhrifum kláms, og hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi.



Til að styðja við þessi sjónarmið var Jafnréttisskóli Reykjavíkur stofnaður síðla árs 2013 og Auður Magnús Auðardóttir ráðin verkefnastjóri hans. Fyrstu verkefni skólans eru fræðsla til starfsfólks skóla- og frístundaheimila og vefsíða, sem unnin er í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og fleiri aðila.

Á vefsíðunni verða upplýsingar um hvernig stuðla megi að jafnrétti í skóla- og frístundastarfi og mennta börn til þátttöku í réttlátu lýðræðisþjóðfélagi. Miklar framfarir hafa orðið á þessu sviði ef t.d. horft er til þátttöku feðra í uppeldi barna sinna og viðhorfum til hinsegin fólks. Þó má betur gera ef duga skal.

Sagan segir okkur að þrátt fyrir að framfarir verði í samfélögum er ólíklegt að þær haldi áfram „af sjálfu sér“. Það er ekki víst að yngri kynslóðir séu upplýstari eða með minni fordóma en eldri kynslóðir. Ef við aðeins bíðum eftir jafnrétti og ályktum að þetta komi bara af sjálfu sér, er nokkuð öruggt að við stöðnum, eða það sem verra er, förum aftur á bak, í heim meiri fordóma og aukins óréttlætis.

Heimili, skólar og fjölmiðlar verða að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að viðhalda víðsýni og uppræta fordóma sem byggjast á kyni, kynvitund, kynhneigð, trú, uppruna, fötlun eða öðrum þáttum.

BÖRNIN META LEIKSKÓLASTARFIÐ

„Fallegur leikskóli, hann glansar eins og jólatré“ sagði 6 ára stúlka um Garðaborg er hún var spurð hvað hún vildi segja um leikskólann sinn. Er hægt að fá betri um-sögn?

Starfsfólk Garðaborgar hefur á undanförunum árum próað leiðir til að fá börnin til að meta fagstarfið. Í þeirri vinnu hefur verið haft að leiðarljósi að börnin upplifðu að þau hefðu áhrif og að mat þeirra leiddi til úrbóta. Því voru þau ekki bara spurð um hvað væri skemmtilegt eða leiðinlegt í skólanum, heldur hverju þau vildu breyta? Inni í matinu er jafnframt skráning sem kennarinn gerir af leik barnanna, verkefnum þeirra og samtölum. Með þessum aðferðum á börnunum að finnast þau tilheyrja samfélagi leikskólans og þau sjá og upplifa breytingar sem þau hafa átt þátt í að innleiða.



Í samverustundum ræða börnin hvaða viðfangsefni eigi að vera í vali og oft spinnast líflegar umræður um hugmyndir að verkefnum. Þau hafa einnig tekið þátt í að skipuleggja stóra viðburði í skólanum eins og 30 ára starfsafmæli hans og 6 ára börnin skipuleggja sjálf sína útskriftarferð. Matið á slíkum verkefnum fer fram með samræðu í gegnum allt ferlið, frá fyrstu ákvarðanatöku. Viðburðir eins og útskriftarferðin verður fyrir vikið þeirra, þau vita nákvæmlega hvað og hvernig hlutirnir eiga að gerast. Einnig hafa elstu börnin útbúið bæklinga og myndband um leikskólann þar sem þeirra sýn á skólastarfið kemur fram.

Með beinni hlutdeild barnanna í mati á fagstarfinu fá þau ekki einungis aukin áhrif í leikskólanum heldur þjálfast þau jafnframt í umræðu og lýðræðislegum ákvörðunum þar sem þau eiga sama rétt og fullorðna fólkið.

HVAÐ KOMA STAÐALMYNDIR FRELSI VIÐ ?

Flest erum við sammála því að best sé að einstaklingar búi við sem mest frelsi. Frelsi til að ákveða sjálfir örlög sín, haga lífi sínu samkvæmt áhugasviði og hæfileikum, velja sér menntun, áhugamál og maka samkvæmt sínu höfði. Hérlandis hefur á undanförunum áratugum verið rutt úr vegi flestum laga- legum hindrunum hvað þessa þætti varðar. Menntastofnanir standa öllum opnar, fólk má ganga í hjónaband með þeim sem það elskar, launajafnrétti er lögboðið og bannað er að mismuna á grundvelli kyns. En þar með er ekki öll sagan sögð. Misrétti fyrri alda býr enn í tíðarandanum, í veggjunum og steypunni, í óyrstum hugsunum, augngotum, glápi, ofbeldi og neikvæðum fullyrðingum um hópá fólks; staðalmyndum sem hafa áhrif á samskipti okkar.



Árlega eru nemendur Reykjavíkurborgar í 6. – 10. bekk spurðir um ýmsa þætti varðandi líf sitt, líðan og skólagöngu. Ítrekað hefur komið í ljós að líðan stúlkna og sjálfsálit þeirra versnar mjög þegar líður á unglingsárin.

Starfshópur um líðan stúlkna og áhrif staðalmynda á kynin hóf störf í byrjun árs 2013 og er um þessar mundir að ljúka störfum. Í starfi hópsins hefur verið lögð áhersla á að kanna hvernig megi sporna gegn hamlandi staðalmyndum um stúlkur og drengi til að mynda um útlit þeirra og hegðun og hvernig þessar staðalmyndir geta ýtt undir kvíða og vanlíðan hjá unglingsstúlkum.

Í [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#) segir að hvert barn og hver unglingur eigi að geta ræktað hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Nauðsynlegt er að auka frelsi fólks til að haga lífi sínu eftir sínu höfði. Það þýðir að heimili, skólakerfið og fjölmiðlar láti ekki staðalmyndir um það hvernig kynin eru eða eiga að vera lita framkomu sína og álit á einstak-lingum. Aðeins þannig verða börnin okkar frjáls.

SKÍNA SMÁSTJÖRNUR—GÆÐASTARF MEÐ YNGSTU BÖRNUNUM

Þróunarverkefnið **Skína smástjörnur** er samstarfsverkefni leikskólanna Björtuhlíðar, Hálsaskógar, Langholts og Lauga-sólar. Því var hleypt af stokkunum sumarið 2012 og er meginmarkmiðið með því að byggja upp gæðastarf á deildum yngri barna, í gegnum námsumhverfi, starfsaðferðir og foreldrasamstarf.

Verkefnið er til þriggja ára, en nú þegar hefur byggst upp gróskumikið lærdómssamfélag sem byggir á samstarfi og samráði fagfólks og foreldra. Sérstaklega hefur verið horft til nýjustu hugmynda fræðimanna við að skapa gott þroska- og námsumhverfi fyrir yngstu börnin. Áhersla hefur m.a. verið lögð á að vinna með viðhorf starfsmanna til getu og viðfangs-efna yngstu barnanna og gera starfið með þeim sýnilegt. Líður í því eru myndaskráningar og myndbandsupptökur.

Í vetur hefur sjónum verið beint að samskiptum barna og full-orðinna í leikskólanum. Fræðslufundur um samskipti hafa verið haldnir fyrir starfsfólk og myndbandskráningar úr leik-skólastarfinu nýttar til að ígrunda nýjar leiðir. Fyrstu niður-stöður úr mati á þessu verkefni gefa til kynna að það hafi stuðlað að ýmsum breytingum á námsumhverfi yngstu barnanna og á fyrirkomulagi við aðlögun þeirra í leikskólann. Almenn ánægja er líka meðal starfsmanna og foreldra með þetta metnaðarfulla þróunarstarf sem þegar er farið að skila sér í breyttum starfsháttum.



BETRI TÖLVUKOSTUR Í GRUNNSKÓLUNUM

155,3 milljónum króna verður varið til endurnýjunar og kaupa á upplýsingatækibúnaði í grunnskólunum á þessu ári. Megináhersla verður lögð á að endurnýja tölvukost þar sem hann er hvað elstur. Þá verður keyptur búnaður fyrir börn sem þurfa mikinn stuðning vegna alvarlegrar fötlunar.

Leitað verður eftir hagstæðum kjörum hjá birgjum er bjóða borðtölvur, fartölvur og spjaldtölvur til sölu og þau kynnt skólastjórnendum sem geta hagað innkaupum eftir áherslum í hvernig upplýsingatæknin er nýtt í kennslu.

HÁTÍÐ BARNANNA Í BORGinni

Barnamenningarhátíð verður haldin í Reykjavík dagana 29. apríl til 4. maí. Boðið verður upp á fjölmarga viðburði sem börn og fullorðnir geta sótt sér að kostnaðarlausu.

Börn og ungmenni munu taka völdin í öllum helstu menningar- og listastofnunum og verður list þeirra og sköpunargleði þar í fyrirrúmi. Þá verður boðið upp á menningarviðburði fyrir börn með listhópum, félagsamtökum og listaskólum.

Hæst ber opunarhátíð í Hörpu með þátttöku leikskóla- og grunnskólabarna og Ævintýrahöllina í lónó þar sem sköpunargleði barna mun fá að njóta sín óheft í listsmiðjum og öðrum viðburðum. Að venju verður Menningarfáninn afhentur þeim skóla eða frístundamiðstöð sem þykir hafa skarað fram úr á listasviðinu. Sjá barnamenningarhatid.is



SKÓLA- OG FRÍSTUNDAÞORGin REYKJAVÍK

Samhliða Barnamenningarhátíð, dagana 30. apríl—3. maí kl. 13.00—17.00 verður skemmtilegur viðburður í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem hægt verður að fræðast um það fjölbreytta skóla- og frístundastarf sem fram fer í borginni. Þar verður m.a. hægt að skoða hvernig unnið er með helstu grunnþætti menntunar í fagstarfi með börnum og ungmennum og kynna sér fjölmörg metnaðarfull þróunarverkefni. Þá geta gestir prófað ýmis tæki og tól sem notuð eru í leik og starfi í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi eða farið í málstofur að hlusta á erindi um helstau stefnur og strauma í skólastarfi.

FORELDRAVEFUR

Áhugi og hvatning foreldra hefur mest áhrif til góðs á nám og líðan barna í skóla- og frístundastarfi. Virk hlutdeild foreldra og gott samstarf þeirra við starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva er grunnur að farsælli skólagöngu. Á foreldravefnum www.reykjavik.is/foreldrar eru margvíslegar upplýsingar fyrir foreldra um leiðir til að styðja við barnið sitt alla skólagönguna.

NÝ FORVARNARSTEFNA

Forvarnarstefna fyrir árin 2014-2019 er komin út. Áhersla er lögð á samfélag án ofbeldis og æsku án vímuefna, virkni og þátttöku, sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum. Stefnan er unnin með hliðsjón af reynslu og árangri af forvörnum í borginni og þeirra samfélagsbreytinga sem orðið hafa síðustu ár.

Kannanir sýna að börnum og ungmennum líður almennt vel, þau eru virkari í skipulögðu frístundastarfi og reglum um útivistartíma er betur fylgt en áður. Einnig dregur úr áhættuhegðun milli ára eins og áfengisneyslu, reykingum og neyslu annarra vímuefna. Meginmarkmið endurskoðaðrar forvarnarstefnu beinist að því að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur meðal barna og unglinga og hlúa að verndandi þáttum allt frá fyrstu æviárum barna.

Þrátt fyrir góðan árangur í forvörnum á unglingastigi grunnskólanna þarf að gera betur á fyrstu árunum eftir grunnskóla, sér í lagi hjá þeim hóp sem hvorki fer í nám né vinnu. Því er því lögð áhersla á það í nýju stefnunni að efla forvarnarstarf meðal 16 ára og eldri.

Stefnunni er skipt í kafla eftir áherslum á hverju alurstigi, það er 0-5 ára, 6-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára og að lokum 16 ára og eldri.

Forvarnarstefnan er unnin af fagaðilum sem starfa víða í borginni og var hún gerð með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og alþjóðlegum sáttmálum er varða velferð og hag barna ásamt Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.



ENDURBÆTUR Á SKÓLUM OG LÓÐUM

153 milljónum króna verður varið til viðhalds og endurbóta á húsnæði, búnaði og skólalóð Breiðholtsskóla á þessu ári. Jafnframt verður byrjað að undirbúa framkvæmdir við nýja viðbyggingu við skólann.

Þá eru í sumar fyrirhugaðar endurgerðir og viðbætur við lóðir sex grunnskóla og eins leikskóla fyrir um 350 milljónir króna. Boðnar verða út framkvæmdir við endurgerð lóða við Árbæjarskóla, Breiðholtsskóla, Breiðagerðisskóla, Fossvogsskóla, Ölduselsskóla og leikskólans Stakkaborgar og bolta-gerðis við Kelduskóla. Stefnt er að því að framkvæmdum við þessar skólalóðir verði lokið fyrir upphaf næsta skólaárs, eða í ágúst 2014.

Á árunum 2010-2013 hefur Reykjavíkurborg staðið fyrir endurgerð á leik- og grunnskólalóðum fyrir samtals 1.131 milljónir króna.



Fréttabréfið er gefið út af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, s. 411 1111
www.skolarogfristund.is
sfs@reykjavik.is